

Búrfellsvirkjun II



ÍAV Marti Búrfell sf. hófu framkvæmdir við 100 MW stækkun Búrfellsvirkjunar í apríl 2016 en áætlað er að gangsetja virkjunina í lok apríl 2018.

ÍAV Marti Búrfell sf. mun sjá um framkvæmd við borun aðkomuganga, frárennslisganga ásamt gerð stöðvarhúss sem verður hellsir vélstæðu virkjunarinnar. Inntaksmannvirki veður reist við suðurenda Bjarnarlóns en þaðan verða boruð lóðrétt göng niður að stöðvarhúsi en fallið verður um 150 metrar (Virkið fall er um 120 Metrar). Þvermál fallpípunnar er um 6 metrar og mun þetta fall gefa af sér um 100 MW eða um 300 GWst á ári. Með stækkun Búrfellsvirkjunar má auka orkugetu raforkukerfisins um allt að 300 GWst á ári. Stækkunin mun nýta vatn sem í dag rennur framhjá núverandi stöð. Stækkuð Búrfellsvirkjun mun auka rekstraröryggi og sveigjanleika raforkukerfisins.

Umhverfisáhrif þessarar virkjunar eru nánast engar þar sem Bjarnarlón, sem er ofan við gömlu stöðina, fær betri nýtingu. Sjónmengun verður engin þar sem virkjunin er byggð inní fjallinu og mun ekki sjást.

Verkkaupi

Landsvirkjun

Byggingastjórn

ÍAV Marti Búrfell sf

Verk hefst

Apríl 2016

Eftirlit

Mannvit

Ráðgjafar

Verkís

Hönnun

Verkís

Verklok

Sumar 2018

Helstu magntölur:

Laus gröftur 745.000 m³
Losun klappar 175.000 m³
Klappar skering (pre-split) 27.000 m²
Gröftur moldar 59.000 m³
Neðanvatns gröftur 67.500 m³
Losun klappar undir vatni 26.000 m³
Gröftur skurða 1.000 m³
Gangnagröftur 94.000 m³
Sprautusteypa 6.500 m³
Stálstyrkingar í göngum 23.500 kg
Steypa 18.000 m³
Fyllingar 89.000 m³
Vegyfirborð 34.000 m²
Rip-rap 24.000 m³
Steypumót 23.000 m²
Járnbending 1.288.000 kg
Innsteypt stál 27.500 kg
Stálvirki 96.000 kg
Jarðvír 4.500 m
Háspennulagnir í jörð 9.000 m
Kapalstigar 1.000 m
Rafmagns- og stýrilagnir 78.000 m
Vatns- og frárennslislagnir 3.500 m
Loftræsílagnir 1.100 m
Grassáning 330.000 m²

Íslenskir aðalverktakar hf.
Höfðabakka 9
IS 110 Reykjavík

Tel. +354 530 4200
Fax. +354 530 4205
iav@iav.is

www.iav.is